

Nd.

332. Frumvarp til laga

um framkvæmdasjóð ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Stofna skal sjóð, er heitir: **Framkvæmdasjóður ríkisins**. Hlutverk sjóðs þessa er að veita fé til nauðsynlegra framkvæmda í þarfir atvinnuveganna, að styrkjöldinni lokinni.

2. gr.

Ríkissjóður skal greiða til framkvæmdasjóðsins 10 milljónir króna af tekjuafgangi ríkisins árið 1941. Enn fremur skal greiða til sjóðsins $\frac{3}{5}$ hluta þess tekjuafgangs, sem verða kann á ríkisreikningi árið 1942. Fé framkvæmdasjóðsins skal geymt í Landsbanka Íslands.

3. gr.

Fé framkvæmdasjóðs ríkisins má eingöngu verja til ákveðinna verklegra framkvæmda, samkvæmt sérstökum ákvörðunum Alþingis.

4. gr.

Reikningur framkvæmdasjóðsins skal endurskoðaður af yfirskoðunarmönnum ríkisreikninganna og birtur með ríkisreikningi ár hvert.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.